

Nd.

107. Frumvarp

til laga um póstsparisjóði.

Frá Sparisjóðanefndinni.

1. gr.

Tilgangur póstsparisjóðsins er að auka sparsemi, með því að taka á móti fje til ávaxta á ábyrgð landssjóðs, og auka innstæðuna með því að bæta við vöxtum, en jafnframt að hafa alt af nægilegt fje handbært.

2. gr.

1. Hver og einn getur lagt fje í póstsparisjóð fyrir sjálfan sig og aðra.
2. Það er hægt að leggja fje í póstsparisjóð á pósthúsum þeim, sem póststjórnin ákveður, allan þann tíma, sem þau eru opin fyrir almenning.
3. Í fyrsta skifti sem fje er lagt inn, skal skýra frá fullu nafni þess, sem á fjeð, heimili og atvinnu, og ef hægt er fæðingarári og fæðingardegi.

Þegar lagt er inn fje fyrir ómynduga, er einnig rjett að geta nafns for-eldranna.

4. Sá, sem leggur inn fje fyrir annan, getur áskilið að eigi megi segja því upp til útborgunar fyr en eftir ákveðinn tíma.

Vilji hann setja önnur skilyrði fyrir útborgun fjárens, verður hann að leggja það undir úrskurð póststjórnarinnar, hvort fjenu megi veita viðtöku með því skilyrði.

3. gr.

Ein króna er minsta upphæð, sem má leggja inn í póstsparisjóð í einu. Auk þess verður að eins lagt inn í heilum krónum.

4. gr.

Til þess að styðja sparsemi á minni upphæðum en krónu, sjer póststjórnin um, að hægt verði að fá sparimerki til þess þannig að leggja inn í póstsparisjóðinn á þann hátt, sem sjerstaklega verður ákveðið.

5. gr.

1. Í fyrsta skifti, sem lagt er inn í póstsparisjóð, skal sá, sem það gerir, fá ókeypis viðskiftabók fyrir þann, sem á að fá hið innlagða fje. Í hvert skifti, sem lagt er inn, eða tekið út, skal upphæðin rituð í viðskiftabókina.
2. Þegar viðskiftabók er afhent, skulu rituð í hana skilyrði þau, sem kunna að hafa verið sett fyrir útborgun fjárens, og í henni á að vera útdráttur úr lögum þeim og ákvæðum, er snerta viðskifti almennings við póstsparisjóðinn.
3. Venjulega má enginn eiga meir en eina viðskiftabók við póstsparisjóðinn í einu. Þó geta ómyndugir fengið sjerstaka viðskiftabók, til þess að leggja inn eigið fje, þótt aðrir hafi lagt inn í sjóðinn fyrir þeirra reikning, og

sömuleiðis aðrir, þegar viðskiftabækur þeirra hafa verið gefnar út með sjerstökum skilyrðum.

6. gr.

Til þess að kvittun fyrir innlögum sje gild, skal hún vera svo sem póststjórnin leggur fyrir.

7. gr.

1. Vexti af innstæðu skal að eins reikna fyrir heilan mánuð, frá og með næsta mánuði eftir að fjeð er lagt inn, til þess mánaðar, sem fjeð er tekið út.

Þegar öll innstæðan ásamt vöxtum er tekin út, reiknast vextir til þess mánaðar, sem útgjaldaskipun póststjórnarinnar er gefin út.

2. Áfallnir vextir skulu lagðir við innstæðuna við lok hvers árs. Af allri innstæðunni skal síðan reikna vexti frá byrjun næsta árs, þó eigi nema af heilum krónum.
3. Nemi innstæða í einni viðskiftabók meiru en 2000 krónum, verða eigi greiddir vextir af því, sem fram yfir er.

8. gr.

1. Stjórnarráðið ákveður, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu fje.
2. Vaxtalækkun gengur eigi í gildi fyr en tveim mánuðum eftir að auglýsing um hana hefir verið birt.

9. gr.

1. Sá, sem vill taka út inneign sína eða hluta af henni, skal sýna viðskiftabók sína á pósthúsi og skriflega segja upp fjárhæðinni. Hann skal ákveða, hvar hann vilji fá fjeð útborgað.

2. Uppsagnarfrestur skal venjulega vera sem hjer segir:

Alt að 100 krónum minst 7 dagar.

Yfir 100 kr. alt að 500 krónum — 14 —

— 500 — — 30 —

Þó verður uppsagnarfresturinn að laga sig eftir því að nái til útgjalda-skipunar póststjórnarinnar.

Pósthúsið gefur nauðsynlegar upplýsingar um það.

3. Póststjórnin getur gefið fyrirmæli um það, með hvaða skilyrðum fje má greiða úr póstsparisjóði, án þess að biða þess, að uppsagnarfrestur sje liðinn.
4. Sje eigi allri innstæðunni sagt upp, verður upphæð sú, sem um er að ræða, að vera í heilum krónum.
5. Hafi hlutaðeigandi eigi tekið fjeð innan fjórtán daga, frá því það, eftir uppsögninni og póstgöngunum, átti að vera handbært, verður uppsögnin álitin ógild, og vextir reiknast af fjenu eins og það hefði verið lagt inn í póstsparisjóðinn að nýju.

10. gr.

1. Þegar handhafi viðskiftabókar kemur til þess að taka út fje, sem hefir

verið sagt upp, verður hann, ef póstmaður þekkir hann ekki, að styðja heimild sína með því, að koma fram með samskonar upplýsingar og ræðir um í 2. gr. 3.

2. Þegar upplýsingar þessar eru samhljóða þeim, sem gefnar voru, er lagt var inn, og engin ástæða er til að ætla, að maðurinn sje annar en hann segist vera, skal borga fjeð út.

Annars skal málið borið undir póststjórnina, sem gerir um það, hvort eigi að útborga eða vísa málinu til dómstólanna.

Hafi eigandi viðskiftabókar sagt upp öllu því, sem hann á inni í einni bók, skal viðskiftabókinni skilað í hendur þeim, sem greiðir fjeð.

11. gr.

1. Gift kona, sem á fje í póstsparisjóði, getur sagt því upp, og tekið það út án samþykkis manns hennar. Sömuleiðis geta unglingar, sem eru orðnir 10 ára, án leyfis fjárráðamanns ráðstafað fje því, sem þeir hafa lagt inn í póstsparisjóð.
2. Þegar svo stendur á, sem ræðir um í þessari grein, má eigi borga fje út úr póstsparisjóði til eiginmanns án samþykkis konu hans, nje til fjárhaldsmanns nema með samþykki hins ómynduga.

12. gr.

Sömu viðskiftabók má nota bæði þegar lagt er inn og tekið út, og við hvert pósthús, sem gegnir sparisjóðsstörfum.

13. gr.

1. Á hverju ári fyrir lok þess mánaðar, sem lagt hefir verið inn í póstsparisjóð í fyrsta skifti, er rjett að afhenda viðskiftabókina á einhverju pósthúsi, sem gegnir sparisjóðsstörfum, gegn kvittun, til þess að pósthúsið sendi hana til póststjórnarinnar, sem lætur rannsaka bókina og færa inn í hana vexti fyrir umliðið almanaksár. Eftir það verður viðskiftabók skilað að eigandanum á sama pósthúsinu gegn nefndri kvittun.
2. Láti eigandi viðskiftabókar farast fyrir innan þess tíma, sem áður segir, að afhenda hana, og siðar kemur fram mismunur á viðskiftabók og reikningum póstsparisjóðsins, þá skulu reikningarnir, að því, er snertir inneign eiganda, vera sönnun.

14. gr.

Ef eigandi að innstæðufje hvorki leggur inn nje tekur út í fimtán ár samfleytt, þá skal fjeð ganga til póstsparisjóðsins. Þó á póststjórnin, þegar svo ber undir, að láta greiða það vaxtalaust til eiganda bókarinnar, ef hann gefur sig fram.

15. gr.

1. Flytjist eignarrjettur að viðskiftabók frá einum til annars fyrir erfðir eða erfðaskrá eða fyrir gjaldþrot eða fjárnám, skal það þegar í stað tilkynnast póststjórninni.

2. Áður en sú tilkynning er framkomin og er samþykkt, hefir flutningurinn eða framsalið engan rjett gagnvart póstsparisjóði.
3. Flutningur á eignarrjetti að viðskiftabók eða framsal á henni, getur eigi átt sjer stað, nema þegar svo stendur á, sem að framan segir í þessari grein undir 1. lið.

16. gr.

1. Glatist viðskiftabók, skal það þegar í stað tilkynt póststjórninni, og skal þeirri tilkynning fylgja skýrsla um það, hvenær og með hvaða atvikum að bókin hefir horfið.
2. Þegar póststjórnin fær slíka tilkynning, skal hún annast að viðskiftabókin verði þrisvar auglýst í Lögbirtingablaðinu.
3. Sex mánuðum eftir að síðasta auglýsingin hefir verið birt, má póststjórnin gefa út nýja viðskiftabók í stað hinnar týndu, en hún ákveður, hvort trygging beri að setja fyrir hinni nýju viðskiftabók og sòmuleiðis, þegar svo ber undir, hve mikið skuli greiða fyrir hina nýju bók.
4. Þegar ný viðskiftabók hefir verið gefin út, verður hin fyrri viðskiftabók dauð og marklaus.

17. gr.

Ef eigandi viðskiftabókar fer þess á leit við póststjórnina, að keypt verði fyrir fje, sem hann á í sparisjóði, arðberandi skuldabryef, samskonar og þau, sem póstsparisjóður má kaupa fyrir eigin reikning, á póststjórnin að annast kaup á slíku skuldabryefi með svo lágu verði, sem kostur er á, og án ómakslauna, og ef hægt er, innan þess uppsagnarfrests, sem tiltekinn er í 9. gr. 1. Skuldabryefið skal síðan afhendast eiganda viðskiftabókar á ákveðnu pósthúsi, mót greiðslu á burðargjaldi eftir vigt og verði, ef það hefir orðið að senda skuldabryefið með pósti til eigandans.

18. gr.

1. Fje það, sem greitt er í póstsparisjóð og eigi þarf að hafa handbært, skal leggja inn í Landsbankann eða Íslandsbanka.
2. Fyrir svo mikinn hluta af fje þessu, sem póststjórnin álitur hæfilegt, til þess þó að geta greitt fje það, sem kann að verða sagt upp í póstsparisjóði, skal póststjórnin kaupa arðberandi skuldabryef, gefin út af landssjóði, Landsbanka eða Íslandsbanka.

19. gr.

1. Kostnaður við rekstur póstsparisjóðsins, skal greiðast af tekjum þeim, sem fást við vaxtamismun.
2. Í byrjun, og svo lengi sem tekjur póstsparisjóðsins eigi hrökkva til þess, skal póstsjóður greiða það, sem kann að vanta á að tekjur hrökkvi fyrir gjöldum.
3. Síðar meir, er póstsjóður hefir fengið endurgoldið það, sem hann hefir lagt til póstsparisjóðsins, skal ágóði póstsparisjóðsins allur ganga til hans sjálfs, honum til eflingar og tilgangi hans.

20. gr.

1. Eftir lok hvers reikningsárs skal Stjórnarráðinu send skýrsla um póstsparisjóðinn.
2. Jafnframt þessari skýrslu skal póststjórnin gera grein fyrir fje því, sem kann að vera ætlast til að póstsparisjóður verji það árið í ráðstafanir til að auka sparsemi almennings, einkum meðal fátæklinga.

21. gr.

Póststjórnin geymir verðbrjef póstsparisjóðs og annast sölu þeirra eða veðsetningu eftir því, sem hún álitur nauðsynlegt.

22. gr.

Enginn má gefa neinum upplýsingar um viðskifti póstsparisjóðs við þá, sem eiga inni hjá honum, öðrum en þeim sjálfum eða þeim, sem eru komnir í þeirra stað, eða hafa öðlast rjettindi þeirra.

23. gr.

Stjórnarráðið ákveður, hvenær póstsparisjóðurinn tekur til starfa.

Fylgiskjal.

PÓSTSTOFAN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 22. febr. 1915.

Hjer með leyfi jeg mjer, virðingarfylst, að senda hinu háa Stjórnarráði hjálagt frumvarp til laga um stofnun á póstsparisjóði, sem jeg álit, að geti orðið landinu til gagns og sóma, með því að efla fjársöfnun og sparsemi.

Flestar þjóðir láta sjer mjög ant um, að landsmenn eyði eigi öllu því, er þeir vinna sjer inn, jafnóðum, heldur geymi það, sem þeir geta án verið í svipinn, til þess að geta gripið til þess síðar, þegar óhöpp ber að höndum, sjúkdómar eða ellipreyta.

Því meir sem sú hugsun gripur hugi manna, ungra og gamalla, því meiri menningarbragur verður á þjóðinni.

Menn verða að læra það, að smá-upphæðir geta orðið að stórum fjársjóði, og að menn verða eigi rikir af því, sem þeir afla, heldur af því, sem þeir spara.

Hjá ýmsum þjóðum er þetta kent við skólana, og sparsemi unglínganna örvuð með sparimerkjum, sparibaukum o. fl., enda er það talið einna þýðingarmest, að gera mönnum hægt fyrir, að koma handbæru fje fyrir á öruggan stað, því það vill oft verða svo, að aurunum er veltigjarnt, sjeu þeir hafðir handa milli.

Hjá fjölda þjóða hafa verið stofnaðir póstsparisjóðir, og eru þeir taldir eitt með því öflugasta, sem gert hefir verið, til þess að auka sparsemi hjá hinum efnaminni.

Af menningarþjóðum heimsins eru það að eins fjórar, Danmörk, Noregur, Sviss og Þýskaland, sem hafa ekki enn þá komið á fót póstsparisjóðum. Alstaðar þar sem þeir hafa verið stofnaðir, hafa þeir reynst vel, og því mætti búast við, að svo mundi og verða hjer á landi.

Að vísu hafa menn víða hjer á landi sparisjóði, en pósthúsin eru þó margfalt fleiri. Jeg ætlast raunar ekki til, að öll pósthús gegni póstsparisjóðsstörfum til að byrja með, og það hefir hvergi verið gert.

Í Bandaríkjunum í Norðurameríku var byrjað með 48 pósthúsum, en ári síðar voru það orðin 7500 pósthús, sem gegndu póstsparisjóðsstörfum, og með tímanum eiga þau að verða 40000.

Auk þess, sem það verður ljettara fyrir menn, að ná til pósthúsanna en sparisjóðanna, af því að þau eru fleiri, þá er það að athuga, að þau eru opin meiri hluta dagsins, þar sem sparisjóðirnir eru víðast ekki opnir nema suma daga vikunnar og stuttan tíma í einu.

Það er eigi óhugsandi, að margur eyririnn eyðist fyrir það, sem annars mundi lenda í póstsparisjóði.

Í öðrum löndum vinna skólar, verksmiðjur og ýmsir atvinnurekendur að því, að safna spariskildingum fólks með sparimerkjasölu, sparibaukum o. fl.

Jeg hygg að samvinna milli nefndra stofnana mundi ljettara geta komist á milli póstsparisjóðsins, en hinna almennu sparisjóða.

Svo er það atriði eigi lítilsvert, að út úr póstsparisjóði má taka fje á hvaða pósthúsi sem er, ef það gegnir póstsparisjóðsstörfum. Fyrir því er póstsparisjóðurinn notaður mjög mikið af erfiðisfólki, sem fer víða um landið til að leita sjer atvinnu.

Það er eigi ólíklegt, að talsvert af sumarkaupi verkafólks á Austfjörðum hefði lent í póstsparisjóði, ef hvert pósthús þar á fjörðunum hefði veitt því móttöku, í stað þess að hverfa að nokkru leyti, og stundum að öllu leyti, á leiðinni austan að.

Helstu mótbárurnar á móti stofnun póstsparisjóða hafa verið tvær:

1. Að póstsparisjóður yrði eigi svo mikið notaður, að hann gæti horið sig, og
2. að hann yrði svo mikið notaður, að hann mundi skaða hina almennu sparisjóði.

Jeg held að hvorugt þurfi að óttast. Ef póstsparisjóður hjer yrði lítið notaður, yrði hann heldur eigi kostnaðarsamur.

Auðvitað færi nokkuð fje í prentun eyðublaða og bóka í byrjun, og einhverja borgun yrðu póstmenn utan Reykjavíkur að fá. Sumstaðar er sú borgun látin fara eftir fjárhæðinni, en sumstaðar eftir innlagafjölda.

Í Svíaríki eru borgaðir 5 aurar fyrir hverja nýja bók og 2 aurar fyrir hvert skifti, sem lagt er inn í póstsparisjóðinn þar fyrir utan. Ennfremur eru við árslok borgaðir 5 aurar fyrir hverja nýja viðskiftabók, sem lifir árið út.

Kostnaður við bókhaldið á póststofunni í Reykjavík, færi eftir því, hvort póstsparisjóðurinn yrði mikið notaður.

Jeg skil varla að þessi hlið málsins ætti að fella það.

Hið síðara atriði ætti heldur eigi að verða póstsparisjóðsstofnun að falli.

Hinir almennu sparisjóðir taka á móti fje því, sem þeim berst, og aðalatriðið fyrir þá, er að ávaxta það, en þeir skeyta minna um söfnun fjár.

Aðalatriðið fyrir póstsparisjóðinn er að auka fjársöfnun og ná í það fje, sem annars yrði að eyðslufje.

Póstsparisjóðurinn gefur lægri vexti og vill ekki hafa stórar upphæðir í einni viðskiftabók.

Eitt er það enn, sem mundi hvetja suma menn til þess að leggja fje í póstsparisjóð, fremur en að geyma það heima, það er ábyrgð landssjóðs. Það getur vel verið, að allir okkar sparisjóðir sjeu fulltryggir, en betri trygging geta tortryggir menn eigi fengið en ábyrgð landssjóðs.

S. Briem.

Til Stjórnarráðsins.